



2010

Þjóðarspegilinn

Samkeppnishæfni og lífskjör

Gylfi Magnússon

Viðskiptafræðideild
Ritstjóri: Ingjaldur Hannibalsson

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-07-5



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Samkeppnishæfni og lífskjör

Gylfi Magnússon

Í umræðu um samkeppnishæfni fer oft mikil orka í að skilgreina og mæla hugtakið. Minna hefur hins vegar farið fyrir umræðu um það hvaða kostir og gallar fylgja því að stefna að aukinni samkeppnishæfni og hvort þeir mælikvarðar sem notaðir eru hverju sinni skipti máli í því samhengi. Sé vikið að þessum þáttum á annað borð er greiningin yfirleitt ekki dýpri en svo að bent er á að aukin samkeppnishæfni sé lykill að hagvexti, sem sé af hinu góða, eða rætt almennt um bætt lífskjör. Sjaldan er gerður skýr greinarmunur á hagvexti annars vegar og bættum lífskjörum hins vegar. Í ljósi þessa er ekki skrytið að þeir sem hafa gagnrýnt notkun samkeppnishæfni sem markmiðs hafa gert það með svipuðum rökum og þeir sem telja varhugavert að einblína um of á hagvöxt. Í þessari grein er farið yfir þessa umræðu, þ.á m. horft á tengsl samkeppnishæfni og lífskjara. Sérstaklega er leitast við að varpa ljósi á það hvernig aðgerðir sem efla samkeppnishæfni skila sér í betra lífi að mati íbúa viðkomandi lands.

Frá aðgerðum til hamingju: Keðja og tengingar

Samhengið á milli samkeppnishæfni og lífskjara er flóknara en svo að það nægi að skoða einungis þessa tvo þætti. Líta má á þá sem tvo hlekki lengri keðju, sem tafla 1 lýsir.

Tafla 1. Orsakakeðja – frá aðgerðum til afleiðinga.

Aðgerðir, aðstæður	⇒ (A)
Framleiðni	⇒ (B)
Samkeppnishæfni	⇒ (X)
Hagvöxtur	⇒ (Δ)
Lífskjör	⇒ (E)
Hamingja	

Tengingar merktar A til E verða hér sérstaklega til skoðunar. Séu þær tengingar veikar ætti það að geta grafið undan réttlætingu aðgerða sem gripið er til í því skyni að auka framleiðni. Tafla 2 gefur yfirlit um álitamál eða veikleika hvers tengils, sem síðan eru rakin nánar í greininni. Ekki er þó rými til að gera neinum þeirra full skil í stuttri grein sem þessari.

Tafla 2. Hlekkir í keðju í töflu 1 – veikleikar og athugasemdir

Tengill	Veikleikar/athugasemdir
A	Ekki er til nein óumdeild uppskrift að framleiðni en þó er lítt umdeilt að nokkrir þættir skipta lykilmáli.
B	Algengt er að leggja þessa þætti að jöfnu, þ.e. segja að samkeppnishæfni byggir ætíð á framleiðni. Málið er þó flóknara. T.d. skiptir framboð framleiðsluþátta máli en ekki eingöngu framleiðni þeirra.
C	Tengslin þarna á milli eru nokkuð skýr en þó skiptir margt fleira máli fyrir hagvöxt en eingöngu samkeppnishæfni (eða framleiðni).
D	Hér eru ýmsir veikleikar. Hagvöxtur sem byggir á mikilli vinnu eða ofnýtingu takmarkaðra auðlinda bætir ólíklega lífskjör. Þá skiptir tekjuskipting miklu máli. Loks verður hér að gera greinarmun á þjóðartekjum og landsframleiðslu. Hægt er að auka landsframleiðslu t.d. með fjárfestingum sem byggja á erlendum lánnum án þess að þjóðartekjur vaxi.
E	Hér eru ýmsir veikleikar. Sambandið á milli lífskjara og hamingju virðist veikara en almennt er gert ráð fyrir í hagfræðilegri greiningu.

Aðgerðir og aðstæður sem auka framleiðni/samkeppnishæfni (A,B)

Michael Porter, sem skrifað hefur meira um samkeppnishæfni en nokkur annar, segir samkeppnishæfni alltaf velta á *framleiðni*: „The only meaningful concept of competitiveness at the national level is *productivity*“ (Porter 2008, bls. 176). Ekki er annað að sjá en að fræðimenn séu almennt sammála þessu. Í ljósi þessa kemur vart á óvart að mikið af því sem ritað hefur verið um samkeppnishæfni snýst um það hvaða þættir eða aðgerðir auka framleiðni.

Hér er engan veginn rými til að gera þeirri umræðu skil en bent t.d. á umfangsmikil skrif Michael Porter (2008). Flestir fræðimenn tína þó til sömu eða sambærilega þætti sem líklega til að auka samkeppnishæfni. Má nefna menntun vinnuafls og áherslu á rannsóknir og þróun, laga- og stofnanaumhverfi, efnahagslega umgjörð, sérstaklega efnahagslegan stöðugleika, gott aðgengi að mörkuðum og virka samkeppni. Flestir þessara þátta eru í eðli sínu lítt umdeildir þótt vissulega greini menn á um það hvar setja á hvern og einn í forgangsroð og um nánari útfærslur. Þó eru skiptar skoðanir um það hve mikla áherslu rétt er að leggja á virka samkeppni og aðgengi að mörkuðum, m.a. vegna sjónarmiða um nauðsyn þess að vernda tilteknar atvinnugreinar fyrir erlendri og jafnvel innlendri samkeppni. Landbúnaður er hér besta dæmið en ekki það eina.

Umræðan um samkeppnishæfni efnahagslífs þjóða á sér nokkra hliðstæðu í umræðu um frjálrsræði í efnahagsmálum þjóða. Til eru ýmsar endurteknar mælingar á frjálrsræði í efnahagsmálum, greint eftir löndum (Miller og Holmes 2010, Gwartney, Hall og Lawson 2010). Þessir fræðimenn eru einnig í hópi þeirra sem leggja mikla áherslu á mikilvægi frjálrsræðis í efnahagsmálum til að stuðla að samkeppnishæfni. Rauður þráður í skrifum þeirra um frjálrsræði í efnahagsmálum er að aukið frjálrsræði er talið æskilegt vegna þess að það leiði til aukinnar velmegunar, oftast mælt með vergri landsframleiðslu og/eða aukningu hennar, þ.e. hagvexti. Í nýjustu útgáfu af mælingu Heritage á frjálrsræði í efnahagsmálum (Gwartney, Hall og Lawson 2010, bls. 1-20) er jafnframt fullyrt að aukið frjálrsræði hafi ýmis önnur jákvæð áhrif, stuðli að minni fátækt, styrki lýðræði og ýti undir sjálfbærni í umhverfismálum eða að það sé að minnsta kosti sterk fylgni á milli frjálrsræðis og árangurs á þessum sviðum.

Samkeppnishæfni og hagvöxtur (C)

Mikil fylgni er á milli mældrar samkeppnishæfni annars vegar og landsframleiðslu hins vegar. Þetta liggur nánast í hlutarins eðli því að aukinni framleiðni ætti að öðru jöfnu að fylgja aukin framleiðsla. Þó er hér að nokkru að hyggja. Hugsanlegt er t.d. að framleiðni aukist samhliða því að notkun framleiðsluþátta minnkar, t.d. vinnuvika styttest, án þess að framleiðsla aukist.

Þegar hugtakið samkeppnishæfni er notað um þjóðir þá felst óhjákvæmilega í því ákveðin vísun í samkeppni þjóða. Paul Krugman (1994, 1996) hefur gagnrýnt hugmyndina um samkeppnishæfni og sérstaklega samkeppni þjóða harkalega, m.a. með þeim rökum að hefðbundnir mælikvarðar á samkeppnishæfni segi mjög lítið um það hve vel tekist hefur til í efnahagslífi þjóðar. Skrif hans um þetta á tíunda áratuginum voru m.a. hugsuð sem gagnrýni á mælikvarða World Economic Forum á samkeppnishæfni og túlkun þeirra og skrif fræðimanna eins og Lester Thurow (1992, 1994) um efnahagskapphlaup þjóða sem lýstu að mati Krugman rangri sýn á alþjóðaviðskipti.

Hér verða þessar deilur ekki raktar en athyglisvert er að þótt Thurow og Krugman greini á um sumt þá eru þeir sammála um tvö grundvallaratriði; að markmið hagstjórnar eigi að vera bætt lífskjör þegnanna og að í baráttunni við að ná því markmiði skipti höfuðmáli hvernig til tekst á heimamarkaði – árangur innlendra fyrirtækja í samvinnu eða samkeppni við erlenda aðila skipti mun minna máli. Í þessu samhengi er þó rétt að benda á að þessum fræðimönnum eru Bandaríkin ofarlega í huga við þessa umræðu. Fyrir stærsta hagkerfi heims, sem er sjálfu sér nægt um afar margt, skipta utanríkisviðskipti hlutfallslega minna máli en fyrir smærri og sérhæfðari hagkerfi.

Lífskjör og hagvöxtur (D)

Líkt og Thurow og Krugman líta fæstir þeirra sem fjalla um samkeppnishæfni eða framleiðni svo á að þau séu markmið í sjálfu sér. Markmiðið er bætt lífskjör. Þetta er einnig niðurstaða Michael Porter: „The principal goal of a nation is to provide a high and rising standard of living for its citizens“ (Porter 2008, bls. 176).

Líklega eru fáir ósammála því markmiði að tryggja þjóð góð lífskjör. Hins vegar er ekki einhugur um það hvað felst í góðum lífskjörum. Landsframleiðsla á mann gefur einungis grófa vísbendingu um lífskjör. Hún er engan veginn einhlítur mælikvarði á það hvernig til hefur tekist í efnahagslífi þjóðar. Taka verður tillit til fleiri þátta, eins og þess hver tekjuskipting er, hve mikið þarf að hafa fyrir því að ná þessari landsframleiðslu, þ.á m. hve margar vinnustundir eru að baki henni og hvort gengið er á auðlindir. Þá má ekki gleyma því að margt fleira skiptir máli en það sem gengur kaupum og sölu á markaði en horft er framhjá því við útreikning landsframleiðslu.

Þá er rétt að hafa í huga að þótt verg landsframleiðsla (*gross domestic product*, GDP) sé algengasta viðmiðið þegar rætt er um hagvöxt þá má færa góð rök fyrir því að skylt hugtak, vergar þjóðartekjur (*gross national income*, GNI), sé eðlilegra viðmið. Munurinn á þessum tveimur hugtökum fyrir tiltekið land liggur í annars vegar tekjum heimamanna af eignum og vinnu erlendis (sem eru innifaldar í þjóðartekjum en ekki landsframleiðslu) og hins vegar tekjum útlendinga af eignum og vinnu í viðkomandi landi (sem eru innifaldar í landsframleiðslu en ekki þjóðartekjum). Að öðru leyti mæla þessi tvö hugtök það sama.

Sú gagnrýni sem sett hefur verið fram á verga landsframleiðslu sem mælikvarða á það hve gott efnahagslíf þjóðar eða lands er á því að mestu einnig við um vergar þjóðartekjur. Þó má færa rök fyrir því að það skipti þjóð meiru hvaða tekjur hún hefur eða býr til en hvaða tekjur verða til í viðkomandi landi. Í flestum löndum eru þetta mjög svipaðar stærðir en þó getur í einstaka tilfellum verið mikill munur. Ágætt dæmi

um það er Lúxemborg sem hefur umtalsvert hærra landsframleiðslu en þjóðartekjur m.a. vegna þess hve algengt er að útlendingar vinni í landinu og hve miklar eignir þeir eiga þar. Á Íslandi hefur landsframleiðsla einnig alla jafna verið meiri en þjóðartekjur, einkum vegna meiri tekna útlendinga af eignum hérlendis (sérstaklega skuldum innlendra aðila við erlenda) en Íslendingar hafa af eignum erlendis.

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að leggja mat á lífskjör sem slík en enginn einhlítur mælikvarði hefur komið fram. Raunar liggur nánast í eðli máls að slíkur mælikvarði er ekki til. Það hlýtur að vera einstaklingsbundið hvað teljast góð lífskjör. Þess utan er ekki með góðu móti hægt að leggja saman lífskjör margra eða reikna meðaltal. Þessi vandi er gamankunnur úr hagfræðinni þar sem menn hafa í fræðilegum líkönum gjarnan unnið með hugtakið *notagildi (utility)* en það er einstaklingsbundið og ómælanlegt og merkingarlaust að leggja saman t.d. notagildi tveggja einstaklinga af tiltekinni vöru. Þegar ætlunin er að leggja saman notagildi tveggja eða fleiri einstaklinga er nauðsynlegt að veга og skala notagildi hvers og eins með einhverjum hætti. Það felur í sér, beint eða óbeint, notkun þess sem kallað er á ensku *social welfare function* og mætti þýða sem hópvelferðarfall. Engin einhlít leið er til þess. Hliðstæð álitamál koma upp ef unnið er með hugtök eins og lífskjör eða hamingju í stað notagildis.

Framleiðni og lífskjör (B, C og D)

Hvaða leið svo sem farin er til að meta framleiðni felur það í sér að skoða með einum eða öðrum hætti hve mikið er hægt að framleiða og úr hve litlu. M.ö.o. skoðað er annars vegar hve mikið er framleitt og hins vegar hve mikið er notað af framleiðsluþáttum. Erfitt er að sjá hvers vegna einhver ætti að telja aukna framleiðni skv. þessari skilgreiningu af hinu illa, nema þá e.t.v. ef henni fylgir óhóflegt vinnuálag, sem rýrir lífskjör. Sé tekið tillit til vinnuálags við mat á aðfanganotkun þá hverfur raunar ástæða þeirrar mótbáru.

Oft er sérstaklega horft til þessa framleiðsluþáttar, vinnuafis, við mat á framleiðni og þá horft á verðmætasköpun í hagkerfinu í hlutfalli við fjölda, ýmist landsmanna eða vinnandi manna. Þessi nálgun hefur bæði kosti og galla. Helsti kosturinn felst í þeirri einföldu staðreynd að með því að reikna verðmætasköpun á starfsmann þá fæst mynd af því hve mikil verðmæti verða til í hagkerfinu í hlutfalli við mannfjölda og þar með hve mikið hver og einn fengi ef verðmætunum væri skipt jafnt. Það gefur ákveðna vísbendingu um það hve góðum lífskjörum hagkerfið getur staðið undir.

Þetta er þó vitaskuld nokkuð gróf mynd. Horft er framhjá því hve hátt hlutfall landsmanna er á vinnumarkaði og framhjá framlagi allra annarra framleiðsluþátta en vinnu. Þá er horft framhjá því hver fjöldi vinnustunda hjá hverjum einum og er. Það gefur skakka mynd af framleiðni.

Sem dæmi um þetta má nefna að undanfarin ár hefur ekki verið mikill munur á landsframleiðslu á mann á Íslandi annars vegar og í Danmörku hins vegar, að teknu tilliti til verðlags, sem er alla jafna hátt í báðum löndunum. Það gefur til kynna að efnahagslíf þessara tveggja landa sé nokkuð sambærilegt hvað framleiðni varðar. Sé hins vegar litið á verðmætasköpun á vinnustund þá hallar talsvert á Íslendinga í samanburðinum því að Danir þurfa umtalsvert færri vinnustundir að meðaltali til að búa til sína landsframleiðslu.

Vinnustundir á mann eru færri í Danmörku en á Íslandi. Þar kemur margt til, þ.á m. að vinnuvikan er styttri í Danmörku, atvinnuleysi að jafnaði meira og fólk fer yngra á eftirlaun. Sé svo jafnframt tekið tillit til þess að Íslendingar eiga og nýta mun meiri náttúruauðlindir en Danir þá er ljóst að við eigum nokkuð langt í land með að ná þeim í verðmætasköpun á vinnustund. Það þýðir þá jafnframt að við þurfum að hafa meira fyrir okkar landsframleiðslu. Það hlýtur að skipta máli við samanburð á lífskjörum í löndunum tveimur.

Við mat á verðmætasköpun í hagkerfi, hvort sem það er gert með útreikningi á landsframleiðslu, þjóðartekjum eða öðrum hætti, hefur reglan verið hingað til að ekki er tekið tillit til þess hvort gengið er á auðlindir við framleiðsluna. Enginn greinarmunur er gerður á sjálfbærri efnahagsstarfsemi og þeirri sem felst í nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda eða ofnýtingu endurnýjanlegra auðlinda. Svokölluðum grænum þjóðhagsreikningum er ætlað að taka á þessu. Þótt talsverð vinna hafi farið í þróun slíkra þjóðhagsreikninga fer því fjarri að þeir hafi leyst hina hefðbundnu af hólmi.

Þetta hefur vitaskuld beinan snertiflöt við lífskjaraumræðuna. Framleiðni (eða efnahagsstarfsemi almennt) sem fæst með ósjálfbærum hætti er í besta falli skammgóður vermir og getur augljóslega skaðað lífskjör, bæði til skamms og langs tíma. Þeir sem telja hagvöxt óæskilegan sem slíkan vísa oft til þessa. Þá eru þeir til sem telja að aukin neysla (a.m.k. einkaneysla) sé ekkert endilega eftirsóknarverð í sjálfu sér og því sé ekki eðlilegt eða æskilegt að stuðla að hagvexti til þess eins að gera hana mögulega.

Lífskjör og hamingja (E)

Enn aðrir fræðimenn hafa reynt að mæla beint hve *hamingjusamar* þjóðir eru að meðaltali. Einföldustu tilraunir í þessa veru hafa byggt á skoðanakönnunum. Aðrir hafa þróað flóknari aðferðir, þar á meðal Daniel Kahneman (sjá t.d. Kahneman og Krueger, 2006). Kahneman hefur unnið með það sem hann kallar á ensku *Day Reconstruction Method*. Í þeirri aðferð felst að einstaklingar skrá niður hvað þeir gerðu daginn áður og hve miklum tíma þeir vorðu í tiltekna þætti. Út frá því er síðan áætlað hvernig þeir hafi upplifað daginn til að reikna út hve ánægjulegur eða gefandi hann hafi verið. Með þessu er lagt mat á það sem Kahneman nefnir á ensku *experienced utility*. Það mætti þýða sem *upplifað notagildi*. Hið upplifaða notagildi er þó ekki reiknað beint heldur lagt mat á það út frá upplýsingum um það hvernig viðkomandi einstaklingur varði þeim degi sem byggt er á.

Kahneman gerir greinarmun á *upplifðu notagildi* og *notagildi í minningunni* (*remembered utility*) en kannanir sem byggja á spurningum um það hve hamingjusamt fólk er mæla eðli máls samkvæmt fyrst og fremst hið síðara.

Kahneman hefur einnig þróað svokallaða U-vísitölu, þar sem U stendur fyrir óþægilegt eða *unpleasant*. Hún byggir á því að leggja mat á hve miklum tíma einstaklingar verja í iðju sem þeim finnst óþægileg. Að mati Kahneman ætti slík vísitala að henta vel til að bera saman hamingju á milli landa og sérstaklega betur en vísitala sem einfaldlega byggir á því að spyrja fólk hvort það sé hamingjusamt.

Landsframleiðsla og hamingja - Þversögn Easterlin (B, C, D og E)

Ef lífskjör eru metin út frá landsframleiðslu, hvort sem hún er notuð ein og sér eða með öðrum mælikvörðum, eins og gert er í mannaúdvísitölunni, þá ættu lífskjör almennt að hafa farið batnandi í flestum löndum undanfarna áratugi, í takt við hagvöxt. Ef hamingja eykst með batnandi lífskjörum þá ætti fólk jafnframt almennt að vera hamingjusamara nú en þegar landsframleiðsla á mann var lægri fyrr á árum.

Þessi einfalda niðurstaða blasir þó ekki við þegar gögn eru skoðuð. Sá sem fyrst vakti athygli á þessu er Richard A. Easterlin (1974, 2001). Svokölluð þversögn Easterlin á að felast í því að í flestum löndum mælast þeir sem hafa háar tekjur hamingjusamari en þeir sem hafa lágur tekjur en þrátt fyrir það virðast þjóðir ekki almennt verða hamingjusamari þegar meðaltekjur allra aukast.

Grein Easterlin hefur orðið kveikjan að miklum síðari tíma rannsóknum sem varpað hafa meira ljósi á málið. Sú forsenda Easterlin að þjóðir virðist almennt ekki

verða hamingjusamari þegar landsframleiðsla eða meðaltekjur aukast virðist ekki alls kostar rétt, þótt það kunnir að eiga við um Bandaríkin undanfarna áratugi. Eitt af því sem kann að skýra að þetta eigi við um Bandaríkin en ekki almennt er að þar hefur farið saman hagvöxtur og aukin misdreifing tekna. Þótt meðaltekjur hafi vaxið þá hefur kaupmáttur miðstéttarinnar og fátækra lítið vaxið. Hins vegar hefur kaupmáttur þeirra best stæðu vaxið töluvert. Þá kann einnig að skipta máli að hreyfanleiki fólks á milli tekjuhópa er almennt talinn meiri í Bandaríkjunum en í Evrópulöndum (sjá Alesina, Di Tella og MacCulloch 2004).

Einn áhugaverðasti átakafloiturinn í þeirri umræðu sem grein Easterlin hefur vakið er hvort það skipti e.t.v. fólk meira máli hver kaupmáttur þeirra er í *samanburði* við aðra frekar en hvort kaupmátturinn sé meiri eða minni. Ekki er komin einhlít niðurstaða í þá umræðu. Þó virðist óhætt að fullyrða að fyrir þá sem hafa lágar tekjur, eiga jafnvel erfitt með að eiga fyrir helstu lífsnauðsynjum, þá geta auknar tekjur haft veruleg áhrif á lífskjör til batnaðar. Hins vegar skipta auknar tekjur minnu fyrir þá sem hafa þegar góðar tekjur – en þó einhverju (sjá Hagerty og Veenhoven, 2003, Frey og Stutzer, 2002; Stevenson og Wolfers, 2008). Einn angi af þessum fræðum er að skýrar vísbendingar hafa komið fram um að þeir sem fá óvænt háar fjárhæðir upp í hendurnar, vinna t.d. mikið fé í happdrætti, verða mjög ólíklega hamingjusamir vegna þess, a.m.k. ekki varanlega (Brickman, Coates og Janoff-Bulman, 1978).

Tölfræði

Tafla 3 sýnir fylgnistuðla fyrir röðun landa á fjóra mælikvarða. Útreikningarnir byggja á tölum um 128 lönd sem voru öll með árið 2010 í mati World Economic Forum á samkeppnishæfni, mati Heritage Foundation á frjálsræði í efnahagsmálum og viðhorfskönnun Gallup þar sem spurt var hvort fólk væri hamingjusamt.

Tafla 3. Fylgnistuðlar fyrir röðun landa á fjóra mælikvarða


	Samkeppnishæfni	Frjálsræði	Kaupmáttur landsframleiðslu	Hamingja
Samkeppnishæfni	1	0,725	0,857	0,598
Frjálsræði	0,725	1	0,693	0,539
Landsframleiðsla	0,857	0,693	1	0,713
Hamingja	0,598	0,539	0,713	1

Niðurstöðurnar eru um margt athyglisverðar þótt þær komi líklega ekki mjög á óvart. Þróuð lýðræðisríki með háa landsframleiðslu fá yfirleitt háa einkunn á alla mælikvarðana en fátæk ríki fá lægri einkunn. Zimbabwe og Búrúndi skiptast oftast á að reka lestina. Ísland er í efsta fjórðungnum á alla mælikvarðana, með hinum Norðurlöndunum og raunar einnig oftast öðrum löndum Norður-Evrópu.

Mikil fylgni er á milli röðunar skv. samkeppnishæfni og landsframleiðslu. Það kemur ekki á óvart í ljósi þess hvernig samkeppnishæfni er skilgreind. Það er hæsti fylgnistuðullinn í tölunni, 0,857. Minnst er fylgnin hins vegar á milli röðunar skv. frjálsræði í efnahagsmálum og hamingju, 0,539. Frjálsræði í efnahagsmálum virðist þó fylgjast nokkuð vel að með bæði mældri samkeppnishæfni (0,725) og landsframleiðslu (0,693).

Vitaskuld er ekki við því að búast að fylgnistuðlar í keðju eins og þeirri sem lýst er í töflu 1 verði 1,0 en niðurstaðan í töflu 3 kemur ágætlega heim og saman við umfjöllunina að framan. Tengingar A til E eru missterkar. Ekki er hægt að leggja mat á þær allar út frá töflu 3 en hár fylgnistuðull milli röðunar skv. samkeppnishæfni annars vegar og landsframleiðslu hins vegar bendir til þess að tenging C sé sterk (0,857). Hins

vegar er keðjan CDE veikari en hlekkur C einn og sér eins og sjá má á mun lægri fylgnistuðli milli samkeppnishæfni og hamingju (0,598).



Mynd 1. Röðun 128 landa árið 2010 skv. mati WEF á samkeppnishæfni annars vegar og mati Gallup á hamingju hins vegar

Niðurstaða

Þessi einfalda greining kemur vel heim og saman við þá kenningu að samkeppnishæfni skipti talsverðu fyrir landsframleiðslu, lífskjör og jafnvel lífshamingju en dregur þó jafnframt fram að tengingin er ekki bein og einhlít. Mun fleira skiptir máli, m.a. ýmsir þættir sem ekki er tekið tillit til við mælingu á landsframleiðslu. Rétt er að hafa í huga að fylgni þarf ekki að merkja orsakasambengi og greinir ekki á milli orsaka og afleiðinga. Það verður að hafa í huga við túlkun niðurstaðna.

Heimildir

- Alesina, A., Di Tella, R. og MacCulloch, R. (2004). Inequality and happiness: Are Europeans and Americans different? *Journal of Public Economics*, 88, 2009-2042.
- Brickman, P., Coates, D. og Janoff-Bulman, R. (1978). Lottery winners and accident victims: Is happiness relative? *Journal of Personality and Social Psychology*, 36(8), 917-927.
- Easterlin, R. A. (1974). Does economic growth improve the human lot? Í P. A. David og M. W. Reder (ritstjórar), *Nations and households in Economic Growth: Essays in honour of Moses Abramovits* (bls. 89-125). New York: Academic Press Inc.
- Easterlin, R. A. (2001). Income and happiness: Towards a unified theory. *The Economic Journal*, 111, 465-484.
- Frey, B. S. og Stutzer, A. (2002). What can economists learn from happiness research? *Journal of Economic Literature*, 40(2), 402-435.
- Gwartney, J., Hall, J. og Lawson, R. (2010). *Economic Freedom of the World: 2010 Annual Report*. Washington: Cato Institute.
- Hagerty, M. R. og Veenhoven, R. (2003). Wealth and happiness revisited – Growing national income Does go with greater happiness. *Social Indicators Research*, 64, 1-27.
- Kahneman, D. og Krueger, A. B. (2006). Developments in the measure of subjective well-being. *Journal of Economic Perspectives*, 20(1), 3-24.
- Krugman, P. (1994). Competitiveness: A dangerous obsession. *Foreign Affairs*, 73, 28-44.
- Krugman, P. (1996). Making sense of the competitiveness debate. *Oxford Review of Economic Policy*, 12(3), 17-25.
- Miller, T. og Holmes, K. R. (2010). *2010 Index of economic freedom*. Washington: The Heritage Foundation.
- Porter, M. E. (2008). *On competition – updated and expanded edition*. Boston: Harvard Business Press.
- Stevenson, B. og Wolfers, J. (2008). Economic growth and subjective well-being: Reassessing the Easterlin paradox. *Brookings Papers on Economic Activity*, 1-102.
- Thurow, L. C. (1992). *Head to head. The coming economic battle among Japan, Europe and America*. William Morrow & Co.
- Thurow, L. C. (1994). Microchips, not potato chips. *Foreign Affairs*, 73, 189-192.